



Árshlutaskýrsla
janúar – desember 2006





Tilkynning til OMX Nordic Exchange á Íslandi
8. febrúar 2007

Afkoma Exista hf. fyrir árið 2006

Afkoma á fjórða ársfjórðungi

- Hagnaður eftir skatta 13,1 milljarður króna
- Hagnaður á hlut 1,23

Afkoma fyrir árið 2006

- Hagnaður eftir skatta 37,4 milljarðar króna
- Hagnaður á hlut 3,77 krónur
- Arðsemi eigin fjár var 27,1% í árslok
- Hagnaður eftir skatta af fjárfestingastarfsemi 23,5 milljarðar króna
- Hagnaður eftir skatta af rekstrarstarfsemi 13,9 milljarðar króna
- Heildar eignir í árslok námu 416 milljörðum króna og jukust um 157% á árinu
- Eigið fé er 179 milljarðar króna, aukning um 87% á árinu
- Eiginfjár hlutfall 43,2% í árslok 2006
- Í árslok var fjöldi hluthafa yfir 31.000

Frá stjórn:

- Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að hluthöfum verði greiddar 10,839 milljónir króna í arð vegna ársins 2006, eða sem svarar til 1 krónu á hlut. Arðgreiðslan nemur 29% af hagnaði félagsins.
- Stjórn samþykkti í dag að kjölfestueignir í fjármálafyrirtækjum verði færðar með hlutdeildaraðferð í reikningum félagsins.

Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður

„Við erum sátt við árangur ársins 2006. Rekstur félagsins var traustur og mikilvæg skref voru tekin í útvíkkun á starfseminni og stækkun hluthafahópsins. Félög innan samstæðunnar döfnuðu vel og sýndu góðan rekstrarárangur. Á þessu ári hyggjumst við byggja enn frekar á þeim grunni sem lagður hefur verið og auka dreifingu í eignum og tekjum enn frekar.”

Frekari upplýsingar um reikninga félagsins fyrir árið 2006 veitir:

Sigurður Nordal
framkvæmdastjóri samskiptasviðs
sími: 550 8620 (ir@exista.com)

Exista

Exista hf. starfar á sviði fjármálaþjónustu, einkum trygginga, eignaleigu og fjárfestinga, m.a. undir merkjum VÍS, Lífís og Lýsingar. Exista er kjölfestufjárfestir í skráðum og óskráðum fyrirtækjum, þar á meðal Kaupþingi, Sampo Group, Bakkavör Group og Símanum. Markmið Exista er að nýta fjárhagslegan styrk sinn til uppbyggingar hér á landi og erlendis.

(m. kr)	2006	2005	Breyting
Fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstur	31,348	48,952	-36%
Veltufjáreignir	11,309	960	
Arður	6,902	687	
Vaxtatekjur	4,411	102	
Vátryggingariðgjöld	6,452	0	
Aðrar tekjur	662	0	
Tekjur	61,083	50,700	20,5%
Tjónakostnaður	(5,136)	0	
Rekstrarkostnaður	(4,476)	(245)	
Kostnaður	(9,613)	(245)	
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnskostnað...	51,470	50,455	2%
Vaxtagjöld	(9,123)	(3,562)	
Gengismunur og verðbætur	(4,067)	(967)	
Fjármagnsgjöld	(13,190)	(4,529)	
Hagnaður fyrir skatta	38,280	45,926	-16,7%
Tekjuskattur	(872)	4,389	
Hagnaður tímabilsins	37,409	50,315	-25,7%
Skiptist á:			
Hlutdeild hluthafa Exista hf.	37,505	50,315	
Hlutdeild minnihluta	(96)	0	
	37,409	50,315	
Hagnaður á útistandandi hluti (ISK)	3,77	8,31	

Rekstarreikningur - ársfjórðungar

(m. kr)	Q4 2006	Q3 2006	Q2 2006	Q1 2006	Q4 2005
Fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstur	2,185	28,206	(8,854)	9,811	22,323
Veltufjáreignir	9,228	264	93	1,724	467
Arður	5,185	47	22	1,648	1
Vaxtatekjur	2,024	1,529	841	16	7
Vátryggingariðgjöld	2,278	3,198	976	0	0
Aðrar tekjur	220	342	101	0	0
Tekjur	21,120	33,586	(6,822)	13,199	22,797
Tjónakostnaður	(1,942)	(2,560)	(633)	0	0
Rekstrarkostnaður	(1,564)	(2,114)	(674)	(124)	(89)
Kostnaður	(3,506)	(4,675)	(1,308)	(124)	(89)
Rekstrarhagnaður	17,614	28,912	(8,130)	13,075	22,709
Vaxtagjöld	(3,356)	(2,438)	(1,968)	(1,362)	(1,281)
Gengismunur og verðbætur	(715)	1,846	(2,132)	(3,065)	(1,161)
Hagnaður fyrir skatta	13,542	28,320	(12,230)	8,648	20,267
Tekjuskattur	(429)	(755)	582	(270)	8,692
Hagnaður tímabilsins	13,113	27,566	(11,649)	8,379	28,959

Um uppgjörð

Ársreikningur ársins 2006 er fyrsti ársreikningur félagsins sem birtur er eftir skráningu félagsins í OMX Nordic Exchange á Íslandi hinn 15. september síðastliðinn. Félagið hefur tekið miklum breytingum á árinu og ber að taka tillit til þess í samanburði milli ára og ársfjórðunga. Hinn 1. júní 2006 bættust tryggingafélagið VÍS og eignaleigufyrirtækið Lýsing inn í reikninga Exista samstæðunnar ásamt öðrum eignum VÍS eignarhaldsfélags hf. Við það breyttist félagið úr fjárfestingafyrirtæki í fjármálaþjónustufyrirtæki. Áhrifa þessa gætir bæði í tekju- og kostnaðarliðum samstæðunnar, sem og efnahagsreikningi. Uppgjör Exista er gert í samræmi við alþjóðleg reikningsskil (IFRS).

Rekstrarreikningur samstæðu

Arðsemi

Hagnaður Exista hf. fyrir skatta árið 2006 var 38.280 milljónir króna samanborið við 45.926 milljónir króna á árinu 2005. Hagnaður eftir skatta nam 37.409 milljónum króna borið saman við 50.315 milljónir króna á árinu 2005.

Hagnaður fjórðungsins eftir skatta var 13.113 milljónir króna en nam 28.959 milljónum króna á fjórða ársfjórðungi 2005.

Hagnaður hluthafa Exista nam 37.505 milljónum króna á árinu 2006. Hagnaður á hlut nam 3,77 krónum og arðsemi eiginfjár var 27,1% á árinu.

Tekjur

Heildartekjur samstæðunnar námu 61.083 milljónum króna á árinu í samanburði við 50.700 milljónir króna á árinu 2005. Á fjórða ársfjórðungi námu heildartekjur 21.120 milljónum króna, en voru 22.797 milljónir á sama ársfjórðungi á árinu 2005.

Fjáreignir á gangvirði skiluðu 31.348 milljónum króna gengishagnaði á árinu en skiluðu 48.952 milljónum króna gengishagnaði á árinu 2005. Gengishagnaður af fjáreignum á gangvirði námu 2.185 milljónum á fjórða ársfjórðungi borið saman við 22.322 milljónir á sama tímabili í fyrra.

Gengishagnaður ársins af veltufjáreignum námu 11.309 milljónum króna samanborið við 960 milljónir króna árið áður. Veltufjáreignir skiluðu hagnaði upp á 9.228 milljónir á fjórðungnum borið saman við 467 milljónir króna á sama tímabili í fyrra.

Arðstekjur námu alls 6.902 milljónum króna á árinu en voru 687 milljónir króna á árinu 2005. Heildar arðstekjur á fjórðungnum námu alls 5.185 milljónum króna samanborið við 873 þúsund krónur á fjórða ársfjórðungi 2005. Aukningin er að mestu til komin vegna arðgreiðslu Kaupþings í október sl. Arðgreiðslan var greidd með hlutum í Exista sem eru dregnir frá eigin fé í árslok.

Eignaleigufyrirtæki félagsins kom inn í reikninga samstæðunnar 1. júní 2006. Vaxtatekjur, sem einkum eru vegna eignaleigustarfsemi, námu alls 4.411 milljónum króna á árinu. Vaxtatekjur ársins 2005 námu alls 102 milljónum króna. Vaxtatekjur fjórðungsins námu alls 2.024 milljónum króna.

Iðgjaldtekjur tryggingafélaga komu fyrst inn í reikninga samstæðunnar 1. júní 2006 og ná því yfir sjö mánuði. Alls námu váttrygginga- og líftryggingaiðgjöld 6.452 milljónum króna á sjö mánaða tímabili og þar af námu þau 2.278 milljónum króna á fjórða ársfjórðungi.

Gjöld

Heildargjöld samstæðunnar námu alls 9.613 milljónum króna á árinu samanborið við 245 milljónir á árinu 2005. Þetta endurspeglar þær miklu breytingar sem félagið hefur gengið í gengum eftir kaupin á VÍS eignarhaldsfélagi hinn 1. júní sl. og umskipti Exista úr fjárfestingarfélagi í fjármálaþjónustufyrirtæki. Heildarútgjöld, þar með talda tjonabætur, á fjórða ársfjórðungi námu 3.506 milljónum króna.

Tjóna- og líftryggingabætur komu inn í ársreikninga samstæðunnar hinn 1. júní 2006 og námu þær alls 5.136 milljónum króna yfir sjö mánaða tímabil og þar af á fjórða ársfjórðungi 1.942 milljónum króna.

Rekstrarkostnaður ársins nam 4.476 milljónum króna og endurspeglar það aukið umfang félagsins með tilkomu tryggingafélaga og eignaleigufyrirtækis inn í samstæðuna. Rekstrarkostnaður fjórðungsins nam 1.564 milljónum króna.

Rekstrarhagnaður

Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld nam 51.470 milljónum króna borið saman við 50.455 milljónir króna á árinu 2005. Hagnaður samstæðunnar fyrir fjármagnsgjöld á fjórða ársfjórðungi nam 17.614 milljónum króna, en nam 22.709 milljónum króna á sama tímabili í fyrra.

Fjármagnskostnaður

Vaxtagjöld námu 9.123 milljónum króna á árinu samanborið við 3.562 milljónir króna á árinu 2005. Hækkunina má rekja til fjármögnunaraðgerða sem voru í reikningum félagsins 1. júní 2006. Vaxtagjöld á fjórða ársfjórðungi námu 3.356 milljónum króna.

Gengismunur og verðbætur voru neikvæðar um 715 milljónir króna á fjórða ársfjórðungi en voru neikvæðar um 4.067 milljónir á árinu í heild. Félagið er með virka gjaldeyrisstýringu, en gjaldeyrisáhætta félagsins var minni en 10% af eigin fé í árslok 2006.

Tekjuskattur nam 872 milljónum króna á árinu en 429 milljónum á fjórðungnum.

Afkoma starfsþátta

Starfsemi Exista byggir á tveimur meginstoðum: Rekstri og Fjárfestingum

Rekstrarstarfsemi

Rekstrarstarfsemi skilaði 13.909 milljón króna hagnaði eftir skatta á árinu. Undir rekstrarstarfsemi fellur váttryggingarekstur og eignaleigustarfsemi félagsins sem eru í reikningum félagsins frá 1. júní 2006 auk eigin viðskipta. Eigin viðskipti eru ábyrg fyrir eignastýringu dóttufélaga auk markaðsviðskipta fyrir móðurfélagið

Heildar tekjur af rekstrarstarfsemi námu 25.922 milljónum króna, þar af námu váttryggingaiðgjöld 6.452 milljónum króna, vaxtatekjur 4.128 milljónum króna og fjárfestingatekjur 14.778 milljónum króna. Heildarkostnaður nam 8.665 milljónum króna, þar af nam tjonakostnaður 5.136 milljónum króna og rekstrarkostnaður 3.529 milljónum króna. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld nam 17.257 milljónum króna og fjármagnsgjöld námu 2.732 milljónum króna. Hagnaður fyrir skatta nam 14.525 milljónum króna.

Hagnaður af rekstri VÍS nam 4.839 milljónum króna fyrir árið 2006. Tekjur af váttryggingaiðgjöldum hækkuðu um 22% á árinu, og samsett hlutfall félagsins nam 115% í árslok. Frá því að Exista eignaðist VÍS hefur verið unnið að því að auka hagkvæmni í rekstri félagsins sem áætlað er að skili sér í samsettu hlutfalli undir 100% á árinu 2007.

Hagnaður af rekstri Lýsingar nam 1.009 milljónum króna fyrir árið 2006 sem er 46% hækkun frá fyrra ári. Hreinar vaxtatekjur jukust um 46% á milli ára og hafa heildareignir aukist um tæp 60% á árinu.

Fjárfestingastarfsemi

Fjárfestingastarfsemi skilaði 23.499 milljón króna hagnaði á árinu. Undir fjárfestingastarfsemi falla kjölfestueignir félagsins, þar á meðal Kaupping og Bakkavör Group, auk langtíma fjárfestinga í óskráðum eignum.

Heildar tekjur námu 35.161 milljón króna á árinu og heildarkostnaður nam 948 milljónum króna. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld nam 34.214 milljónum króna, en fjármagnsgjöld námu 10.458 milljónum króna. Hagnaður starfseminnar fyrir skatta nam 23.755 milljónum króna.

Afkoma af rekstrar- og fjárfestingastarfsemi

(m. kr)	Rekstur	Fjárfestingar	Samtals
Fjárfestingatekjur	14,778	34,780	49,558
Váttryggingaiðgjöld	6,452	0	6,452
Vaxtatekjur	4,128	283	4,411
Aðrar tekjur	564	98	662
Tekjur	25,922	35,161	61,083
Tjonakostnaður	(5,136)	0	(5,136)
Rekstrarkostnaður	(3,529)	(948)	(4,476)
Kostnaður	(8,665)	(948)	(9,613)
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnskostn.	17,257	34,214	51,470
Fjármagnskostnaður	(2,732)	(10,458)	(13,190)
Hagnaður fyrir skatta	14,525	23,755	38,280

Efnahagsreikningur samstæðu

(m. kr.)	31 Des 2006	31 Des 2005	Breyting
Eignir			
Fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstur	215,019	148,667	44,6%
Veltufjáreignir	79,191	7,579	
Útlán og kröfur	66,591	0	
Viðskiptavild	43,976	0	
Endurtryggingaeignir	1,498	0	
Rekstrarfjármunir	1,154	101	
Handbært fé	7,198	4,965	45%
Aðrar eignir	1,194	470	
Eignir samtals	415,821	161,782	157%
Eigið fé			
Hlutfé	10,629	8,689	22,3%
Lögbundinn varasjóður	2,161	2,161	
Yfirverðsreikningur hlutfjár	66,026	17,351	281%
Þýðingarmunur	0	(135)	
Óráðstafað eigið fé	100,407	68,037	47,6%
Eigið fé hluthafa móðurfélags	179,223	96,104	86.5%
Hlutdeild minnihluta.....	556	0	
Eigið fé samtals.....	179,779	96,104	87%
Skuldir			
Lántaka	206,534	65,499	
Vátrygginga- og líftryggingaskuld	21,180	0	
Tekjuskattsskuldbinding	5,697	35	
Aðrar skuldir	2,630	144	
Skuldir samtals	236,042	65,678	259%
Eigið fé og skuldir samtals	415,821	161,782	157%

Efnahagsreikningur samstæðu

Eignir

Heildareignir Exista voru 416 milljarðar króna í árslok 2006. Þetta er aukning um 254 milljarða frá upphafi árs eða um 64%.

Fjáreignir á gangvirði námu um 215 milljörðum króna í lok árs 2006. Þetta er aukning um 66 milljarða frá upphafi árs eða um 45%. Skráð hlutabréf eru um 195,4 milljarðar króna, sem er að stærstum hluta bréf í Kaupþingi (143,3 makr.) og Bakkavör (51,6 makr.). Óskráð hlutabréf eru um 19,6 milljarðar króna og er stærsti hluti þeirra í Símanum (13,5 makr.), skráð á kaupvirði í júlí 2005.

Fjáreignir á gangvirði

(m. kr.)	Hlutfall í lok árs	Í lok árs 2006	Í lok árs 2005
Kaupþing.....	23.0%	143.340	104.600
Bakkavör	38.3%	51.638	23.950
Flaga Group	22.0%	416	720
Skráð hlutabréf.....		195.393	129.270
Símenn hf.....	43.6%	13.510	13.500
Annað.....		6.115	5.897
Óskráð hlutabréf		19.625	19.397

Veltufjáreignir voru 79,2 milljarðar króna í lok árs 2006. Þetta er aukning um 72 milljarða frá upphafi árs. Hluti þessarar aukningar er tilkominn vegna tryggingafélaganna í reikningum félagsins. Stærstur hluti veltufjáreigna, eða 73,5 milljarðar króna, eru skráð hlutabréf, skuldabréf og sjóðir.

Útlán og kröfur voru um 66,6 milljarðar króna í lok árs 2006. Þetta er að mestu til komið vegna fjármögnunarstarfssemi Lýsingar hf., en heildar fjármögnunarsamningar og lán voru 60 milljarðar króna í lok árs.

Viðskiptavild samstæðunnar var metin um 44,0 milljarðar króna í lok árs 2006. Hún er tilkomin vegna kaupa á VÍS eignarhaldsfélagi.

Hlutur endurtryggjenda í váttryggingaskuld félagsins var 1,5 milljarðar króna í lok árs 2006. Rekstrarfjármunir voru 1,2 milljarðar króna í lok árs 2006. Handbært fé nam 7,2 milljörðum króna í lok árs 2006. Aðrar eignir voru 1,2 milljarðar króna.

Skuldir og eigið fé

Heildar skuldir voru 236 milljarðar króna í lok árs 2006. Þetta er aukning um 170 milljarða króna frá upphafi árs, eða um 259%. Skuldir Exista eru aðallega lán og váttryggingaskuld.

Lántökur námu 206 milljörðum króna í lok árs 2006. Þetta er aukning um 141 milljarð króna frá upphafi árs, eða um 215%. Af þessu eru 55 milljarðar tilkomnir vegna Lýsingar. Exista hefur lagt mikla vinnu í að kynna fyrirtækið og dreifa lántöku sem hefur skilað sér í auknum aðgangi að erlendum lánamörkuðum.

Váttrygginga- og líftryggingaskuld var 21,2 milljarðar króna í lok árs 2006, sem er tilkominn vegna tryggingafélaganna.

Tekjuskattsskuldbinding nam 5,7 milljörðum króna í lok árs 2006.

Eigið fé samstæðunnar var 179,8 milljarðar króna í lok árs 2006. Þetta er aukning um 83,7 milljarða króna yfir árið, eða um 87%. Hlutdeild minnihluta er 556 milljónir króna og er því eigið fé hluthafa um 179,2 milljarðar króna. Eiginfjárlutfallið var 43,2% í lok árs 2006.

Helstu atburðir á árinu 2006

Kaup á VÍS eignarhaldsfélagi

Exista keypti allt hlutfé í VÍS eignarhaldsfélagi hinn 31. maí síðastliðinn. Fyrir yfirtökuna átti Exista um 20% hlut í félaginu. VÍS eignarhaldsfélag átti Váttryggingafélag Íslands, Líftryggingafélag Íslands og Lýsingu ásamt öðrum smærri félögum. Hluthöfum var greitt með útgáfu nýrra hluta í Exista sem var aukið um 18,5%. Markaðsvirði VÍS eignarhaldsfélags var metið á 65,8 milljarða króna við yfirtökuna. Við þetta breyttist Exista í fjármálaþjónustufyrirtæki en var áður fjárfestingarfyrirtæki.

Skráning á hlutabréfamarkað

Hlutfé Exista var skráð á OMX Nordic Exchange á Íslandi (ICEX) hinn 15. september 2006. Samhliða skráningunni þá seldi einn hluthafanna, Kaupþing, helming hlutfjár síns í Exista.

Í hlutfjárútboði til fagfjófesta bárust tilboð í um 75 milljarða hlutfjár að markaðsvirði, sem var meira en tíu sinnum það sem stóð til boða. Vegna eftirspurnarinnar var ákveðið að selja um helming fleiri hlutabréf til áskrifenda í útboðinu. Samtals voru því seldir 300 milljón hlutir á genginu 21,5.

Í hlutfjárútboði til almennings voru boðar 65 milljónir hluta. Um 7.400 manns óskuðu eftir að kaupa hlutfé fyrir um 42 milljarða að markaðsvirði. Samhliða almenningsútboðinu var starfsmönnum Exista og dótturfélaga boðið að kaupa um 65 milljónir hluta.

Aukaarðgreiðsla Kaupþings

Hinn 26. október síðastliðinn greiddi Kaupþing hluthöfum sínum 830.691.316 hluti í Exista. Hluthafar fengu 1,25 hluti í Exista fyrir hvern hlut sem þeir áttu í Kaupþingi. Við þetta bættust yfir 30.000 nýir fjárfestar í hluthafahóp Exista. Eftir sölu hlutafjár í ágúst og september ásamt arðgreiðslunni er eignarhlutur Kaupþings í Exista 3,4% en var 20,9%.

Í lok árs 2006 var fjöldi hluthafa í Exista 31.410

Helstu atburðir eftir lok reikningstímabils

Sampo Group

Hinn 8. febrúar tilkynnti Exista yfirlit yfir 90.118.408 A-hlutum í Sampo Group í Finnlandi, eða sem svarar til 15.48% af heildarhlutafé félagsins. Kaupin eru fjármögnuð með lánsamningum, útgáfu nýrra hluta, eigin bréfum og reiðufé. Í tengslum við kaupin og með hliðsjón af fyrirvörum samningsins, hefur stjórn Exista skuldbundið sig til að nýta að hluta heimild í samþykktum félagsins til að gefa út 526.652.209 nýja hluti í Exista, sem notaðir verða til greiðslu í viðskiptunum. Eftir að greiðsla hefur farið fram með nýja hluti og eigin bréf Exista mun Tchenguiz Family Trust verða eigandi 559.404.098 hluta í Exista.

Horfur fyrir árið 2007

Að mati stjórnenda Exista er rekstur félagsins traustur og hefur styrkst enn frekar á síðustu mánuðum. Aðgerðir félagsins við að auka og bæta reksturinn á sviði vátrygginga hafa gengið samkvæmt áætlun. Rekstur eignaleigustarfsemi hefur verið traustur og horfur eru jákvæðar. Stærstu eignir samstæðunnar hafa sýnt framúrskarandi afkomu. Eignarhlutur félagsins í Sampo Group eykur dreifingu í eignum og ætti að auka stöðugleika í tekjum til framtíðar. Rekstur félagsins það sem af er ári er í samræmi við markmið um 16-25% arðsemi eigin fjár. Rétt er að verkja athygli á því að afkoma Exista hf. er háð óvissu og sveiflum sem ekki eru á valdi félagsins svo sem vegna þróunar fjármálamarkaða og verðþróun stærstu eigna.

Breytingar á reikningsskilaaðferð félagsins


Stjórn félagsins hefur ákveðið að breyta reikningsskilaaðferð varðandi eignahluti í kjölfestueignum. Breytingin mun taka gildi frá og með 1. janúar 2007. Hlutdeildaraðferð verður beitt á kjölfestueignir félagsins þar sem Exista hefur veruleg áhrif á rekstur og stjórnun og eignarhludeild er yfir 15%. Kjölfestueignir félagsins voru áður metnar á gangvirði.

Ástæður breytinga á reikningsskilaaðferðum félagsins eru til að leggja áherslu á fjármálaekstur sem kjarnastarfsemi félagsins. Skammtímasveiflur á hlutabréfamarkaði hafa haft veruleg áhrif á langtíma eignir félagsins, auk þess veruleg áhrif á rekstrarafkomu einstakra ársfjórðunga. Breyttar reikningsskilaaðferðir ættu að leiða til minni sveiflna og auka stöðugleika í rekstrartekjum félagsins. Auk þess mun hlutdeildaraðferðin endurspeglar enn skýrar tekjur félagsins í erlendri mynt.

Í kjölfar breytinganna munu tvö félög verða skilgreind sem kjölfestueignir, þ.e. Kaupþing og Sampo Group Oyj. Eignarhlutur Exista í Kaupþingi er 23,0% og eignarhlutur Exista í Sampo er 15,48%. Þessar eignir verða færðar með hlutdeildaraðferð í reikningum félagsins.

Kjölfestueignir í fyrirtækjum sem ekki eru í fjármálaþjónustu, þ.e. Bakkavör Group (38,9%), Flaga Group (22,0%) og Síminn (43,6%) eru skilgreindar sem önnur starfsemi. Þessar eignir verða áfram metnar á gangvirði.

Skipulag



Umsókn um reikningsskil í evrum

Exista hefur óskað eftir leyfi til að gera upp reikninga félagsins í evrum. Umsókn þess efnis var send til Ársreikningaskrár fyrir 1. nóvember 2006.

Starfsvæði Exista er Norður Evrópa og markmið félagsins er að vaxa enn frekar utan Íslands, bæði á rekstrar- og fjárfestingarsviði. Með breytingu á reikningsskilaaðferðum félagsins fyrir kjölfestueignir á fjármálasviði, endurspeglast betur tekjur stærstu eigna félagsins í erlendri mynt í reikningum samstæðunnar. Á skuldahlið fer fjármögnun félagsins að mestu leyti fram á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Með uppgjöri félagsins í evrum munu sveiflur vegna gengisáhrifa dragast saman þegar eignir og skuldir verða að miklu leyti í evrum. Endanleg ákvörðun um uppgjörsmýnt félagsins verður tekin þegar heimild liggur fyrir.

Tillaga um skráningu hluta í evrum

Stjórn félagsins ákvað í dag að óska eftir því við aðalfund félagsins í mars n.k. að hún fá heimild til að sækja um skráningu á hlutum félagsins í OMX Nordic Exchange á Íslandi í evrum. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að nýta slíka heimild í ár, verði hún veitt.

Tekjuskattskuldbinding á fyrsta ársfjórðungi 2007

Ráðgert er að leysa upp tekjuskattskuldbindingu félagsins á fyrsta ársfjórðungi 2007 sem mun leiða til tekjufærslu að fjárhæð allt að 4,5 milljarðum króna.

Önnur mál

Samþykki stjórnar og áritun endurskoðenda

Stjórn Exista samþykkti ársreikninga félagsins fyrir árið 2006 á stjórnarfundum sem haldinn var í höfuðstöðvum Exista þann 8. febrúar 2007. Ársreikningur ársins 2006 hefur verið endurskoðaður af endurskoðendum Exista, Deloitte hf.

Tillögur um arðgreiðslu fyrir árið 2006

Stjórn Exista leggur það til við aðalfund félagsins, sem haldinn verður þann 14. mars 2007, að hluthöfum verði greiddar 10.839 milljónir króna í arð vegna ársins 2006, eða sem svarar til 1,0 krónu á hlut. Arðgreiðslan nemur 29% af hagnaði félagsins.

Kynning á ársuppgjöri 2006

Kynning á ársuppgjöri Exista fyrir árið 2006 verður haldin föstudaginn 9. febrúar 2007. Stjórnendur félagsins munu kynna afkomu félagsins og svara fyrirspurnum. Kynningin fer fram í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 5. hæð. Boðið verður upp á morgunmat frá kl. 8:00 og hefst kynningin stundvíslega kl. 8:30. Kynningin fer fram á ensku og er opin öllum hluthöfum og markaðsaðilum.

Kynningunni verður varpað á netinu í rauntíma á vef Exista, www.exista.com. Einnig er hægt að hringja í númer +44 (0) 208 817 9301 (Bretland).

Eftir fundinn verður hægt að nálgast efni fundarins og netvarp á heimasíðu Exista, www.exista.com.

Fjárhagsdagatal fyrir árið 2007

Birtingardagar uppgjöra Exista á árinu 2007 eru þessir:

Fyrsti ársfjórðungur: 26. apríl 2007
Annar ársfjórðungur: 26. júlí 2007
Þriðji ársfjórðungur: 25. október 2007
Fjórði ársfjórðungur og ársreikningur 2007: 31. janúar 2008

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins verður haldinn 14. mars 2007, kl. 17:00, á Nordica Hótel, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar um uppgjörið veitir Sigurður Nordal, framkvæmdastjóri samskiptasviðs, í síma 550 8620.



Exista

Exista hf. starfar á sviði fjármálaþjónustu, einkum trygginga, eignaleigu og fjárfestinga, m.a. undir merkjum VÍS, Lífis og Lýsingar. Exista er kjölfestufjárfestir í skráðum og óskráðum fyrirtækjum, þar á meðal Kauppingi, Sampo Group, Bakkavör Group og Símanum. Markmið Exista er að nýta fjárhagslegan styrk sinn til uppbyggingar hér á landi og erlendis.